

Ed.

700. Nefndarálit

[100. mál]

um frv. til þjóðminjalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið um það umsögn lagadeildar Háskóla Íslands. Í umsögn lagadeildar koma fram ýmsar ábendingar, sem nánar mun verða gerð grein fyrir í framsögu.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að enda þótt framkvæmd friðunarákvæða frv. geti skapað vanda, aðallega í sambandi við bætur til eigenda friðaðra mannvirkja, sé þó æskilegt, að það nái fram að ganga á þessu þingi, og leggur til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

44. gr. orðist svo:

Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Hafi hann orðið fyrir slíku fétjóni vegna framkvæmda á friðunarákvörðun sveitarstjórnar skv. IV. kafla laganna, á hann hins vegar rétt til skaðabóta úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

Alþingi, 9. maí 1969.

Auður Auðuns,
form., frsm.
Ólafur Jóhannesson.

Ólafur Björnsson,
fundaskr.
Gils Guðmundsson.
Jón Þorsteinsson.

Páll Þorsteinsson.

Steinþór Gestsson.